Skóla-akur

Vefrit um skólamál 9. tbl. 8. árg. 8. maí 2014

Myndir augnabliksins eru frá nestisdegi á Pálmholti, Greniholti. Sem umbun fengu börnin að velja hvar þau borðuðu nestið og valdi yngri hópurinn að fara út með nestið en eldri hópur borðaði nestið í skólanum.

Innritun í leikskóla.

Aðalinnritun í leikskólana lauk í maí 2014.

Alls hafa verið innrituð 232 börn af árgangi 2012 og eldri auk 36 barna af árgangi 2013. Alls hafa því 268 börn verið innrituð í leikskólana fyrir komandi skólaár. Að auki hafa verið afgreiddar 64 umsóknir um flutning milli leikskóla.

Af þessum 232 nýskráningum voru 186 börn skráð í þá skóla sem settir voru í fyrsta sæti á umsókn. Af þeim 46 umsóknum sem eftir stóðu voru 28 börn skráð í þá skóla sem settir voru í annað sæti á umsókn en 18 foreldrum voru boðnir aðrir skólar. Af þeim hafa 16 foreldrar skráð börn sín í einhvern af þeim skólum sem þeim stóð til boða en 2 hafa óskað eftir að bíða eftir þeim skólum sem þeir settu í fyrsta sæti.

Af árgangi 2013 var 51 foreldri boðið leikskólapláss fyrir börn sín. Af þeim þáðu 35 foreldrar pláss en 16 foreldrar óska eftir að bíða þar til pláss losnar í þeim skóla sem þeir settu í fyrsta sæti.

	Í fyrsta sæti	Í öðru sæti	Aðrir skólar	Bíða
2012 og eldri	186	28	16	2
2013	7	3	25	16

Innritun árgangs 2013 skiptist sem hér segir:

	Hlíðaból	Hulduh. Sel	Krógaból	Pálmholt	Sunnuból
Fjöldi barna	8	2	2	13	10

Framboð af leikskólaplássum í um helming skóla hélst í hendur við fjölda umsókna. Ekki var hægt að verða við öllum umsóknum í Hólmasól, Hulduheimum-Koti, Kiðagili, Lundarseli og Naustatjörn.
Þrátt fyrir að aðalinnritun sé nú lokið er gert ráð fyrir nokkrum breytingum fram á haust, þar sem enn eru að bætast við umsóknir á umsóknarlista og enn eiga eftir að skila sér uppsagnir frá foreldrum sem af ýmsum ástæðum eiga eftir að segja upp leikskólaplássum. Þá er um að ræða uppsagnir af öðrum ástæðum en grunnskólagöngu barna.
Tekið var í notkun nýtt innritunarkerfi fyrir aðalinnritunina sem breytti allri vinnutilhögun við innritunina mjög mikið. Nú sækja foreldrar um á rafrænu formi og færast umsóknirnar sjálfkrafa af umsóknarforminu inn í innritunarformið sem sparar mikinn tíma og vinnu.

Nýir skólastjórar í Síðuskóla og Grímsey.

Á fundi skólanefndar sem haldinn var 5. maí var gengið frá ráðningu tveggja skólastjóra. Annar mun starfa í Grímseyjarskóla en hinn í Síðuskóla.

Þrjár umsóknir bárust um stöðu skólastjóra Síðuskóla. Tekin voru viðtöl við umsækjendur og haft var samráð við skólaráð Síðuskóla við ráðninguna. Fræðslustjóri gerði að tillögu sinni að Ólöf Inga Andrésdóttir yrði ráðin sem skólastjóri Síðuskóla frá og með 1. ágúst 2014.

Tvær umsóknir bárust um stöðu skólastjóra Grímseyjarskóla. Við mat á hæfni umsækjenda var skráðu ráðningarferli fylgt, tekin voru viðtöl við umsækjendur og leitað umsagna. Skólanefndarfulltrúar fengu tækifæri til að sitja viðtölin. Þá var haft samráð við skólaráð Grímseyjarskóla. Fræðslustjóri gerði að tillögu sinni að Karen Nótt Halldórsdóttir yrði ráðin sem skólastjóri Grímseyjarskóla frá og með 1. ágúst 2014.

Skólanefnd samþykkti tillögur fræðslustjóra.

Skóla-akur er veftímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri
Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.
Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Landsbyggðavinir í heimsókn í Hríseyjarskóla.

Nemendur í 8. – 10. bekk Hríseyjarskóla hafa í vetur tekið þátt í verkefni Landsbyggðavina, Landsbyggðin lifi. Yfirskrift verkefnisins er: Sköpunargleði – Heimabyggðin mín, Nýsköpun, Heilbrigði og Forvarnir. Hríseyjarskóli lenti í 2. sæti í fyrri hluta verkefnisins.
Þann 30. apríl sl. kom dómnefnd frá Landsbyggðavinum og tók út síðari hluta verkefnisins, ásamt Fríðu Völu Ásbjörnsdóttur sem er forstöðumaður verkefnisins.
Nemendur unnu með svokallað Salthús þar sem þeir endurhönnuðu húsið. Húsið er skráð sem fiskvinnsluhús en nemendur hugsuðu sér að færa slökkvistöð og björgunarsveit úr núverandi húsnæði í Salthúsið auk þess að hafa þar ýmiss konar ferðatengda þjónustu. Nemendur gerðu líkan af húsinu eins og þeir sáu það fyrir sér og kynntu hugmyndir sínar í glærukynningu. Einnig var gerð gróf fjárhagsáætlun.

Í dómnefnd voru fyrir Landsbyggðavini: Páll Líndal Ph.D. í umhverfissálfræði og Eygló Bjarnardóttir lífeindafræðingur. Einnig var einn fulltrúi í dómnefnd frá Hrísey en það var Narfi Björgvinsson húsasmíðameistari.
Dómnefndinni leist vel á verkefni nemendanna og að lokinni kynningu fóru nemendur með dómnefndinni og sýndu henni Salthúsið.
Verðlaunaafhending er 22. maí.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins verður 15. og 16. maí 2014 á Hilton Reykjavík Nordica. Yfirskrift ráðstefnunnar að þessu sinni er „Fjölskyldumiðuð þjónusta. Ávinningur og áskoranir“ og verður fjallað um efnið út frá margvíslegum sjónarhornum. Á ráðstefnunni verða fyrirlestrar báða dagana fyrir hádegi en eftir hádegi skiptist ráðstefnan í málstofur, m.a. um hagnýtar aðferðir fyrri daginn og um rannsóknir og áhugaverð verkefni seinni daginn.

Sjá nánar á: http://www.greining.is/is

Virkjanaframkvæmdir á Naustatjörn.

Leysingarnar síðustu vikur hafa gefið börnunum ótal tækifæri til sköpunar og leikja í útiveru. Hér eru nokkrar myndir af hugmyndaríkum krökkum í ganga- og virkjanaframkvæmdum.

Vorskóli Brekkuskóla.

Verðandi nemendum í 1. bekk í Brekkuskóla skólaárið 2014 – 2015 stendur til boða að koma í heimsókn í skólann. Tilgangur heimsóknarinnar er að nemendur og kennarar hittist í fyrsta skipti í skólanum og geti rætt saman um það sem bíður þeirra í haust.
Leitast er við að hafa stundina notalega þar sem kennarar lesa fyrir nemendur og gefa þeim kost á að spreyta sig á einföldum verkefnum.

Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 22. maí